



**HÍÐ ÍSLENSKA NÁTTÚRUFRAEÐIFÉLAG – HÍN**  
Hamraborg 6a, 200 Kópavogi

## **Aðalfundur HÍN 2008**

### **Samþykkt ályktun um Gröndalshús:**

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 23. febrúar 2008 í Kópavogi, hvetur borgarstjórn og skipulagsráð Reykjavíkur eindregið til þess að standa vörð um Gröndalshús og finna því nýjan stað í Grjótaþorpi, svo sem fram hefur komið hjá borgaryfirvöldum og hæfir menningarsögulegu gildi hússins og ímynd Reykjavíkur sem menningarborgar. Gröndalshús og Hið íslenska náttúrufræðifélag tengjast sterkum böndum. Benedikt Gröndal var fyrsti formaður félagsins og í húsi hans var um tíma fyrsti sýningarsalur á náttúrugripasafni félagsins og þar með þjóðarinnar. Varðandi framtíðarhlutverk Gröndalshúss eru hlutaðeigandi aðilar hvattir til þess að gefa náttúrufræðilegri sögu hússins gaum, t.d. með því að nýta það sem fræðimannaíbúð eða hafa þar fundaraðstöðu fyrir frjáls félagasamtök á sviði náttúrufræða.“

#### **Greinargerð.**

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN) fagnar samþykkt skipulagsráðs Reykjavíkur frá 9. janúar 2008 um breytingu á deiliskipulagi Grjótaþorps vegna flutnings á Gröndalshúsi (5. liður í fundargerð). Samkvæmt fundargerð Borgarráðs frá 17. janúar s.l. var afgreiðslu málsins frestað (8. liður í fundargerð). Stjórn HÍN vonar að málinu verði fylgt eftir þrátt fyrir þær breytingar sem orðið hafa á yfirstjórn borgarinnar í millitíðinni.

Áhugi Hins íslenska náttúrufræðifélags á Gröndalshúsi stafar af sögu félagsins og tengslum þess við húsið. Benedikt Gröndal var fyrsti formaður HÍN sem stofnað var 16. júlí 1889, en eitt helsta markmið félagsins frá upphafi hefur verið að reisa þjóðinni náttúrugripasafn með aðsetur í Reykjavík. Benedikt var jafnframt fyrsti umsjónarmaður Náttúrugripasafns félagsins sem stofnað var þetta sama ár og var fyrsti sýningarsalur þess í húsi formannsins, fyrrnefndu Gröndalshúsi.

Stjórn félagsins telur vel við hæfi og æskilegt að Gröndalshúsi verði komið fyrir nálægt upprunastað þess fremur en að flytja það í Árbæjarsafn. Með því móti styrkist menningarsöguleg ímynd miðbæjarins og húsið mun vafalítið vekja athygli á meðal gesta og gangandi.

Stjórn HÍN vonast jafnframt til þess að framtíðarhlutverki Gröndalshúss verði gefinn gaumur með hliðsjón af tengslum þess við sögu náttúrufræða í landinu. Til dæmis mætti huga að nýtingu hússins, að hluta til eða að öllu leyti, sem aðsetur fræðimanna í tengslum við Náttúruminjasafn Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands. Einnig mætti nýta aðstöðu í húsinu

undir fundaraðstöðu fyrir Hið íslenska náttúrufræðifélag, félaginu sem kom bæði Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruminjasafni Íslands á laggirnar!

Samrit sent:

Borgarstjóranum í Reykjavík

Menntamálaráðherra

Menntamálanefnd Alþingis

Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúruminjasafni Íslands

Skipulagsráð Reykjavíkur

Umhverfisnefnd Alþingis

Umhverfisráðherra